

*Lög um samkomudag reglulegs Alþingis árið 1934, undirskrifuð af konungi 8. febrúar 1934 (nr. 19).*

*Lög um breyting á lögum nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis, undirskrifuð af konungi 24. marz 1934 (nr. 20).*

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæði í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar. um gjaldþrotaskipti, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 21).*

*Stjórnarskipunarlög um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 22).*

*Bráðabirgðalög um gjaldeyrisleyfi, innflutning o. fl., undirskrifuð af konungi 8. marz 1934 (nr. 23).*

*Auglýsing um verzlunarsamning milli Íslands og Bolívíu, undirskrifuð af forsætisráðherra 18. janúar 1934 (nr. 24).*

*Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn sé falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs, undirskrifuð af konungi 6. febrúar 1934 (nr. 25).*

*Konungleg auglýsing um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn, undirskrifuð af konungi 9. marz 1934 (nr. 26).*

## 1

3. jan.

**BRÁÐABIRGÐA-FISKVEIÐASAMÞYKKT**

fyrir Ytri-Akraneshrepp í Borgarfjarðarsýslu.

## 1. gr.

Allir vélbátar, sem fiskveiðar stunda frá Akranesi og er að stærð 6 smálestir brúttó og þar yfir, allt að 60 smálestum, mega ekki leggja af stað í fiskiróður frá Akranesi, fyr en hér segir:

Á tímabilinu frá	1. janúar til 14. febrúar kl. 1 eftir miðnætti,
— — —	15. febrúar til 28. febrúar kl. 12 á miðnætti,
— — —	1. marz til 15. marz kl. 10½ f. miðnætti,
— — —	16. marz til 31. marz kl. 9 f. miðnætti,
— — —	1. apríl til 20. apríl kl. 8 f. miðnætti,
— — —	21. apríl til 15. maí kl. 7 f. miðnætti.

## 2. gr.

Á framannefndum róðrartíma skal gefa ljósmerki í landi, eða, eftir að ljósmerki sjást ekki úr landi, skal af bát, sem lögreglustjóri tiltekur, gefa ljósmerkið.

Fyr en slíkt ljósmerki hefir verið gefið, er öllum óheimilt að leggja af stað í róður. Þó skal heimilt að fara út fyrir „Sundin“, en þó ekki norðar en Vestra-Sunds-merkin beri saman, og ekki vestar en að miðjan Berjadal beri í Flasarvitann á Akranesi.

## 3. gr.

1

3. jan.

Lögreglustjóri skipar í byrjun hvernar vetrarvertíðar formenn á þrem bátum, til þess að líta eftir því að samþykkt þessari sé fylgt, svo og, ef ágreiningur verður, til að ákveða nánar mið þau, sem ekki má fara út fyrir, fyr en merki hefir verið gefið, samkv. 2. gr. Á eftirlitsbátum þessum skal hafa uppi ljós á stag auk skylduljósa, og má enginn bátur fara út fyrir þá, fyrr en ljósmerki hefir verið gefið, samkv. 2. gr.

## 4. gr.

Samþykkt þessi nær ekki til útilegabáta, né til báta, sem fara á aðra slóð en hina svonefndu vetrarslóð. Vetrarslóð er hér reiknuð allt að 30 sjómilur frá Akranesi.

## 5. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, svo sem hér segir: Í fyrsta skipti ár hvert kr. 50.00, í annað skipti kr. 100.00, í þriðja skipti kr. 200.00 og í fjórða skipti eða oftar kr. 500.00.

Sektir þessar skulu renna í Hafnarsjóð Akraness.

## 6. gr.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Bráðabirgðafiskveiðasamþykkt þessi fyrir Ytri-Akraneshrepp, sem samþykkt hefir verið af hreppsnefndinni, staðfestist hérmeð samkv. lögum nr. 86, 14. júní 1917 um fiskiveiðasamþykktir og lendingasjóði, lögum nr. 21, 27. júní 1925 og lögum nr. 29, 19. maí 1930, um breyting á þeim lögum, og lögum frá síðasta Alþingi, um breyting á framangreindum lögum, til þess að öðlast þegar gildi.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. janúar 1934.*

**Magnús Guðmundsson.**

*Páll Pálmason.*